

Nd. 78. Frumvarp til laga
um skipun lögsagnarumdæma.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Lögsagnarumdæmi skulu vera sem hér segir:

1. Reykjavík.
2. Gullbringu- og Kjósarsýsla með Hafnarfirði.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýslur.
4. Dala-, Austur-Barðastrandar-, Stranda- og Vestur-Húnavatnssýslur.
5. Vestur-Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur með Ísafjarðarkaupstað.
6. Austur-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur.

7. Eyjafjarðarsýsla með Akureyri og Siglufjarðarkaupstað.
8. Þingeyjarsýsla.
9. Norður-Múlasýsla með Seyðisfirði.
10. Suður-Múlasýsla með Nesi í Norðfirði og Austur-Skaftafellssýsla.
11. Vestmannaeyjar.
12. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslur.

2. gr.

Umboðsstjórn lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal hagað samkvæmt lögum nr. 67 7. maí 1928. Yfir hvert hinna lögsagnarumdæmanna skal skipaður einn sýslumaður, sem annast öll þau störf, sem sýslumönnum hafa áður verið falin, svo sem dómarastörf fyrir umdæmið, yfirstjórn lögreglumála þess og innheimtu fyrir ríkissjóð.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal fyrirskipa hvar sýslumaður skal eiga búsetu í hverju lögsagnarumdæmi.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við sýslumann og að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórna, að skipa lögreglustjóra um tíma úr ári eða óákveðinn tíma í kaupstað eða kauptúni, sem hefir 1000 íbúa eða þar yfir. Ríkið skal bera kostnað af starfa lögreglustjórans allt að helmingi, en þó eigi hærrí fjárhæð en nemur $\frac{1}{4}$ af lögreglukostnaði bæjarins.

5. gr.

Ríkisstjórnin getur í samráði við hlutaðeigandi sýslumann falið lögreglustjóra, sem tekið hefir starfa samkv. 4. gr., tollgæzlu í lögregluumdæmi hans. Ríkið greiðir þá allan kostnað af starfi hans sem tollgæzlumanns.

6. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að hafa í þjónustu sinni tvo tollgæzlumenn utan Reykjavíkur. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að láta þá lögreglumenn, sem ríkisstjórnin ræður sérstaklega yfir samkv. lögum nr. 92 19. júní 1933, hafa eftirlit með tollgæzlunni.

7. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að sú skipun lögsagnarumdæma, sem ákveðin er í 1. gr. þessara laga, komist á eftir því sem lögsagnarumdæmi losna, svo fljótt, sem því verður við komið. Þegar lögsagnarumdæmi, sem á að sameinast öðru lögsagnarumdæmi, losnar, skal það eigi auglýst til umsóknar, heldur fer sameiningin þá þegar fram.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin:

Lög nr. 22 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

Lög nr. 14 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Bolungavík.

Lög nr. 16 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Keflavík.
Lög nr. 40 28. jan. 1935, um lögreglustjóra í Ólafsfirði.
Ennfremur þau ákvæði laga nr. 58 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum
nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, og laga nr. 48 7. maí 1928,
um bæjarstjórn í Neskaupstað, er brjóta í hág við ákvæði þessara laga.

9. gr.

Ákvæði um stundarsakir viðvikjandi 8. gr.:

Þó skulu lögreglustjórar í hlutaðeigandi kaptúnum og kaupstöðum, sem ráðnir eru eftir hinum eldri lögum, halda starfa sínum samkvæmt þeim, nema öðruvísi verði um samið.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.